



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 39/2010

Viðskiptahættir Jóns Jósefs Bjarnarsonar og IT Ráðgjafar og hugbúnaðarþjónustu ehf.

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Upplýsingarmiðstöðvar Íslands ehf. (UÍ), dags. 22. desember 2009. Í erindinu er kvartað yfir því að Jón Jósef Bjarnarson (JJB) og IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónusta ehf. (IT ráðgjöf) hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hagnýta sér upplýsingar í atvinnuskyni sem honum voru aðgengilegar í starfi sínu hjá UÍ.

Forsaga málsins sé sú að árið 2004 hafi JJB verið ráðinn til fyrirtækisins til að skrifa ný forrit og jafnframt hafi hann tekið að sér ýmiss verkefni er lutu að úrvinnslu gagna og upplýsinga fyrir UÍ. Árið 2006 hafi JJB tekið að sér ráðgjöf og vinnu fyrir UÍ við að endurhanna gagnagrunn, sem m.a. átti að hýsa upplýsingar sem nýttast myndu við að sýna fram á tengsl einstaklinga og fyrirtækja.

Hafi JJB verið veittar upplýsingar um framtíðaráform UÍ um að nýta upplýsingar úr gagnagrunni UÍ, m.a. fyrirhugaða þjónustu í lokuðu áskriftarkerfi er gerði viðskiptavinum UÍ mögulegt að nálgast ýtarlegar upplýsingar um fyrirtæki og tengsl einstaklinga og fyrirtækja. Verkefni JJB hafi verið unnin á tölvubúnað sem hafi verið í hans eigu og því reyndist nauðsynlegt að afhenda JJB rafræn gögn og upplýsingar til að vinna með á hans starfsstöð, þar með talinn allan gagnagrunn UÍ sem og þær skrár sem berist reglulega frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Að mati UÍ hafi ekki verið talin þörf á því að semja sérstaklega um trúnað þar sem JJB hafði áralanga reynslu af því að vinna með trúnaðarupplýsingar enda hefði JJB ekki gefið í skyn að hann stefndi að því að fara í samkeppni við UÍ. Viðskiptum milli aðila hafi lokið í september 2007.

Að mati UÍ hafi JJB nú nýtt sér framangreindar upplýsingar og gert að sínum þær hugmyndir sem honum hafi verið kynntar og trúað fyrir. Hefur JJB hafið þjónustu er byggja á því að hægt sé



að kaupa aðgang að kerfi JJB eða fyrirtæki hans og leita upplýsinga sem sýni tengsl einstaklinga og fyrirtækja.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. c liðs laga nr. 57/2005 er þess krafist að JJB og IT ráðgjöf, verði bannað að selja umrædda þjónustu, afhendi kerfi sín öðrum til rekstrar eða ráða sig til starfa hjá þriðja aðila til að koma að eða aðstoða við að byggja upp eða reka svipaða eða sambærilega þjónustu og UÍ. Einnig er gerð sú krafa að JJB verði gert að loka vefsetrinu þar sem þjónustan er boðin fram.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi UÍ var sent JJB til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. janúar 2010.

Neytendastofu barst svar JJB með bréfi, dags. 18. janúar 2010. Þar er gerð sú krafa að öllum kröfum UÍ verði hafnað og að UÍ verði gert að greiða JJB lögmannskostnað vegna málsins.

Fram kemur að forsvarsmaður UÍ og JJB hafi verið tengdir fjölskyldu- og vinaböndum. Á þeim forsendum hafi JJB veitt UÍ og öðrum félögum tengdum forsvarsmanni UÍ aðstoð sína endurgjaldslaust. JJB hafi um haustið 2007 dregið sig í hlé frá framangreindum störfum.

JJB sé höfundur og eigandi vefþjónustunnar sem beri nafnið rel8. Á vefnum geti áskrifendur nálgast upplýsingar um ýmiskonar tengsl fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi. Hugmyndina af þjónustunni megi rekja til samskipta JJB við lögregluna og starfa JJB fyrir hana síðari hluta ársins 2006. Á árinu 2007 hafi komist nokkur mynd á útfærslu hugmyndarinnar. Kynnti JJB lögreglunni frumútgáfu af kerfinu í kringum páska 2007. Um haustið 2007 kynnti JJB UÍ einnig frumútgáfu af því kerfi sem nú sé aðgengilegt á vefþjónustunni rel8. UÍ hafi engar athugasemdir gert við starfsemi JJB þrátt fyrir að honum hafi verið kunnugt um að JJB hafi unnið að rel8 frá árinu 2007. Raunin sé að JJB hafi kynnt framangreinda hugmynd fyrir UÍ en ekki öfugt.

JJB hafi aldrei haft hug á að fara í starfsemi í samkeppni við UÍ né nýta með ólögætum hætti upplýsingar eða önnur gögn frá UÍ. Að mati JJB fær sá málalíbúnaður ekki staðist að hann hafi nýtt hugmynd UÍ að veita upplýsingar í lokuðu áskriftarkerfi sem sýni fram á tengsl einstaklinga og fyrirtækja og að sú hugmynd njóti verndar sem atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Einnig virðist í erindinu byggt á því að JJB hafi nýtt sér upplýsingar úr gagnagrunni UÍ við hönnun og smíði vefkerfisins rel8. Að mati JJB fái slíkar fullyrðingar ekki staðist. JJB noti gögn



sem fengin séu beint frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra (RSK) og sé hin tæknilega útfærsla ólík kerfi ÚÍ. Auk þess beri til þess að líta að upplýsingar þær er geymdar séu í gagnagrunni ÚÍ séu ekki sambærilegar upplýsingum í kerfi JJB. Hafi JJB hvorki hag af því að nýta sér upplýsingar úr gagnagrunni ÚÍ né væri slíkt fýsilegt út frá tæknilegum sjónarmiðum.

Í greinagerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að 29. gr. laganna (nú 16. gr. c. laga nr. 57/2005) verndi bæði rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Rekstrarleyndarmál varðar fremur tæknileg atriði og sem dæmi má nefna tæknilegar ráðstafanir sem nýttar eru við framleiðslu á vöru. Viðskiptaleyndarmál geta verið fólgin í t.d. sérstöku sölu- eða innkaupa, skipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og ýmsum tölfraðilegum upplýsingum. Til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar verður krafa um leynd að hafa verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það teljist liggja í hlutarins eðli. Að mati JJB eru reglur laga nr. 57/2005 í eðli sínu undantekningarreglur frá grundvallarreglu stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. hennar. Meðal annars í því ljósi verður að gera þá kröfu að ÚÍ leggi fram sannanir máli sínu til stuðnings bæði um að í málinu sé um atvinnuleyndarmál að ræða í skilningi laga nr. 57/2005 og að JJB hafi aflað eða hagnýtt sér slík leyndarmál í andstöðu við ákvæði laga. Að mati JJB eru ásanir ÚÍ ósannaðar.

Þá er því mótmælt að hugmyndin um tölvukerfi þar sem notendur gætu nálgast upplýsingar um tengsl einstaklinga og fyrirtækja teljist eða hafi á einhvern tíma talist til atvinnuleyndarmála ÚÍ í skilningi laga nr. 57/2005.

Í fyrsta lagi sé sú hugmynd sem ÚÍ lýsir svo almenn og alþekkt að hún uppfylli ekki skilyrði atvinnuleyndarmála. Sú sú almenna og óljósa hugmynd sem ÚÍ telur sig hafa varðveitt sem leyndarmál eðlisólík þeim tilvikum sem nefnd eru í lagafrumvarpinu, þar sem fram kemur að viðskiptaleyndarmál geti falist í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og ýmsum tölfraðilegum upplýsingum. Sú almenna hugmynd að veita upplýsingar um tengsl manna og fyrirtækja á internetinu sé ósambærileg nefndum tilvikum. Hugmyndin sé vel þekkt. Eðlisskyld þjónusta hafi verið í boði hjá fyrirtækinu CreditInfo, þar sem unnt sé að afla upplýsinga um hlutafélagabátttöku lögaðila og eign einstaklinga í félögum, ættfræðigrunnar séu vel þekktir og jafnvel hafi ótengdir aðilar útfært svipaða eða sömu hugmynd og ÚÍ telur vera atvinnuleyndarmál sitt á vefnum litlailand.net þar sem sýnd eru tengsl einstaklinga og lögaðila í atvinnulífinu. Þar að auki sýni fyrirtækjaskrár Noregs og Frakklands upplýsingar með sambærilegum hætti. Hugmyndin geti því ekki talist atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005.

Í öðru lagi vísar JJB því á bug að honum hafi verið kunnugt um slíkt leyndarmál og ennfremur að hann hafi hagnýtt sér leyndarmálið enda séu slíkar fullyrðingar ósannaðar og fái ekki staðist í ljósi staðreynda málsins. JJB hafi ekki fengið neina vitneskju um að ÚÍ hafði ætlað að sér að



hefja starfsemi á grundvelli þessarar hugmyndar. Sönnunarbyrði fyrir því að hugmyndin hafi kviknað hjá ÚÍ áður en hjá JJB hóf starfsemi sína hvílir alfarið á ÚÍ.

2.

Bréf JJB var sent ÚÍ til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. janúar 2010. Svar barst með bréfi, dags. 29. janúar 2010, þar sem m.a. eru ítrekaðar fyrri kröfur.

Jafnframt segir að það hljóti að vera skýlaus krafa til þeirra sem starfi sem ráðgjafar að unnt sé að trúa þeim fyrir atriðum sem tengist starfinu og að þeir nýti sér ekki þá þekkingu sem þeir afla sér í starfinu í eigin þágu. Það sé rangt sem fram komi í bréfi JJB að hann hafi unnið launalaust fyrir ÚÍ. Fullt endurgjald hafi komið fyrir vinnu hans þar til hann sagði sig frá verkinu árið 2007. Þegar JJB hafi tekið að sér starf ráðgjafa og forritara hjá ÚÍ hafi hann staðið í rekstri sem á engan hátt stangaðist við starfsemi eða framtíðaráform ÚÍ og í máli hans hafi komið skýrt fram að hann hygðist ekki standa að slíkri starfsemi. Áður en JJB hóf störf hjá ÚÍ árið 2006 hafi honum verið kunnugt um framtíðaráform ÚÍ. JJB hafi árið 2004 verið kynnt áform ÚÍ um að bjóða í lokuðu áskriftarkerfi á netinu þá þjónustu sem þegar hefur verið lýst. Hafi JJB á þeim tíma verið kynnt ýmis tengsl ganga, uppbyggingu gagnagrunns ÚÍ og annað sem málið hafi varðað.

Í bréfi ÚÍ kemur fram að fyrirtækið sæki gögn beint til RSK og lesi þau í gagnagrunn sinn. Um sé að ræða aðgang að sömu gögnum og JJB hafi undir höndum. Að mati ÚÍ skipti ekki máli hvaða gagnagrunnar séu notaðir í þessu sambandi eða með hvaða hætti gögn séu sótt og hvort hægt sé að nota sömu aðferðir til að lesa gögn í mismunandi gagnagrunna. Með hvaða hætti gögn séu sótt til RSK skiptir heldur ekki máli og sé þessu máli óviðkomandi. Um sé að ræða gögn frá RSK sem JJB byggir alfarið á en séu hluti af þeim gögnum sem ÚÍ hefur í sínum gagnagrunni. Í raun skiptir uppruni upplýsinganna engu máli heldur sú viðskiptahugmynd sem boðin þjónusta sé byggð á og hvort sá sem komið hefur að málum sem ráðgjafi geti hagnýtt sér viðskiptahugmynd sem hann hefur verið upplýstur um í starfi sínu.

Rétt er, eins og fram komi í bréfi JJB að hann hafi kynnt fyrir forsvarsmanni ÚÍ hugmynd af því hvernig hægt væri að sýna og setja fram tengdar upplýsingar á þann hátt sem ÚÍ áformaði. Stóð forsvarsmaður ÚÍ í þeirri trú að verið væri að sýna honum að hluta til hvernig setja mætti fram upplýsingar eins og ÚÍ áformaði að gera. Forsvarsmaður ÚÍ hafi getið þess við þetta tækifæri að ÚÍ væri tilbúið til viðræðna um útfærsluna og skoða hvaða möguleikar fælust í henni, sem og möguleika á að fá JJB til að fylgja henni eftir. Ekki hafi hvarflað að forsvarsmanni ÚÍ að verið væri að kynna honum frumdrög sem byggðu á hans hugmyndum og hann hafði kynnt JJB í trúnaði, sem síðar voru notaðar til að byggja upp þjónustuna rel8. Starf ráðgjafa sé að hluta til að leggja fram hugmyndir sem nýst geta við lausn tiltekinna mála sem eru í vinnslu eða á hugmyndastigi og geti með því móti orðið sér úti um frekari verkefni.



3.

Bréf UÍ var sent JJB til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. febrúar 2010. Svar barst með bréfi, dags. 11. febrúar 2010, þar sem ítrekaðar eru fyrri kröfur.

Í bréfinu er mótmælt lýsingu UÍ á fyrri samskiptum aðila málsins varðandi hvort endurgjald hafi komið fyrir störf JJB fyrir UÍ. JJB hafi aðstoðað forsvarsmann UÍ við kerfi UÍ eins og þau hafi verið á þeim tíma og hafi ekki verið kunnugt um fyrirætlanir UÍ um að hefja starfsemi af því tagi sem félagið haldi fram. Að mati JJB hafi UÍ ekki sýnt fram á að hann hafi haft vitneskju um að UÍ hafi ætlað að hefja fyrrgreinda starfsemi. Þá hafi UÍ ekki sýnt fram á að hin ætluðu framtíðaráform hafi staðið í beinu sambandi við þá aðstoð sem JJB hafi veitt UÍ á fyrri stigum og orsakað að JJB hafi ekki komist hjá því að öðlast vitneskju um þau. Þá séu fullyrðingar um fundahöld árið 2004, þar sem rætt hafi verið um framtíðaráform um þjónustu sem fæli í sér upplýsingar um tengsl einstaklinga og fyrirtækja ekki studdar gögnum, eins og t.d. fundargerðum.

Vísað er til yfirlýsingar UÍ sem fram kemur í svari fyrirtækisins til Neytendastofu þann 29. janúar 2010, þar sem segir að uppruni upplýsinga skipti í raun engu máli heldur sú viðskiptahugmynd sem boðin þjónusta sé byggð á. Af upprunalega erindi UÍ megi ráða að UÍ hafi talið JJB hafa nýtt sér þær tæknilegu lausnir sem honum hafi orðið kunnugt um í verkefnum sem unnin hafi verið fyrir UÍ í eigin starfsemi. Samkvæmt framangreindu telji JJB ljóst að kröfur UÍ byggji ekki á því að hin ætluðu viðskiptaleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005 séu tæknilegs eðlis, heldur grundvallist afstaða UÍ einvörðungu á því að JJB hafi nýtt sér viðskiptahugmynd UÍ. Að mati JJB hefur UÍ ekki fært rök fyrir því að sú viðskiptahugmynd geti talist viðskiptaleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005.

4.

Bréf JJB var sent UÍ til upplýsinga með bréfi Neytendastofu, dags. 11. febrúar 2010, og tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri þar með lokið og málið tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Upplýsingamiðstöð Íslands ehf. (UÍ) yfir því að Jón Józef Bjarnarson (JJB) og fyrirtæki hans IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónusta ehf. (IT Ráðgjöf) hafi nýtt upplýsingar sem JJB öðlaðist í starfi hjá UÍ í því skyni að koma á fót vefþjónustunni rel8 þar sem hægt er að



kaupa ýmiskonar upplýsingar um tengsl fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi. Að mati UÍ hefur JJB og fyrirtæki hans IT ráðgjöf brotið gegn 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

2.

Af hálfu JJB er því hafnað að um brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 sé að ræða. JJB hafi aldrei haft hug á að hefja starfsemi í samkeppni við UÍ eða nýta með ólögmatum hætti upplýsingar eða önnur gögn frá UÍ. Að mati JJB hefur UÍ ekki sýnt fram á að sú viðskiptahugmynd sem um ræðir njóti verndar sem atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Þá hefur UÍ ekki sýnt fram á að JJB hafi nýtt sér upplýsingar sem hann varð áskynja í starfi sínu fyrir UÍ.

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir um 29. gr., sem er efnislega samhljóða núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákvæðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti þó ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggi í hlutarins eðli.

3.

Kvörtun UÍ beinist bæði að JJB og einkahlutafélagi hans IT Ráðgjöf vegna brota á 2. mgr. 16. gr. c. Milli UÍ og IT Ráðgjafar var ekkert trúnaðarsamband líkt og milli UÍ og JJB og því er það mat Neytendastofu að kvörtun UÍ geti ekki beinst að IT Ráðgjöf vegna hugsanlegs trúnaðarbrests. Er kvörtun UÍ vegna IT Ráðgjafar því vísað frá meðferð Neytendastofu.



Í málinu er um það deilt hvort sú hugmynd, að bjóða í lokuðu áskriftarkerfi upplýsingar um tengsl einstakling og fyrirtækja, sé atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005 og þá hvort JJB hafi hagnýtt sér hugmyndina til að stofnsetja rel8 vefþjónustuna. Einnig er ágreiningur milli aðila um hvort UÍ eða JJB hafi fyrst átt framangreinda viðskiptahugmynd.

Eins og að framan greinir felur ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 ekki í sér bann við því að starfsmaður nýti sér almenna þekkingu og reynslu sem hann hagnýtir við störf sín. Slík þekking telst ekki til atvinnuleyndarmála, heldur þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina. Þá verður að liggja fyrir að krafa um leynd hafi verið látin í ljós eða þá það liggja í hlutarins eðli að ætlast sé til slíkrar leyndar.

Fram hefur komið í málinu að UÍ krafðist þess ekki að JJB færi leynt með þá þekkingu sem hann aflaði sér í starfi sínu hjá UÍ. Einnig hefur komið fram í málinu það mat UÍ að uppruni þeirra upplýsinga sem kerfið rel8 byggir á, þ.e. hin tæknilega útfærsla, skipti í raun ekki máli heldur einungis sú viðskiptahugmynd sem boðin þjónusta er byggð á og hvort sá sem komið hefur að málum sem ráðgjafi geti gert hugmyndina sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu að sinni. Kemur því til skoðunar hvort það liggja í hlutarins eðli að sú hugmynd sem um ræðir teljist atvinnuleyndarmál. Hefur þetta verið orðað svo, að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum kringumstæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundin trúnaði um þær upplýsingar.¹

Þau atriði sem telja má opinber eða á allra vitorði geta eðli málsins samkvæmt ekki fallið undir atvinnuleyndarmál. Hins vegar geta upplýsingar, sem að hluta til eru opinberar og að hluta til óopinberar, sem ein heild hugsanlega talist til atvinnuleyndarmála. Má í því sambandi nefna sem dæmi aðila sem lagt hefur vinnu í að safna ýmsum upplýsingum, túlka þær og nýta síðan í rekstri, að slíkt getur verið atvinnuleyndarmál í skilningi laganna. Á sama hátt geta upplýsingar sem eru óaðgengilegar almenningi talist til atvinnuleyndarmála. Þá er ekki nauðsynlegt að upplýsingar séu nýjar af nálinni eða hlaðnar frumleika til að geta notið verndar 16. gr. c.²

Sú hugmynd sem hér um ræðir felst í því að tengja saman einstaklinga og lögaðila og veita upplýsingar um tengsl þeirra í lokuðu áskriftarkerfi. UÍ hefur lagt á það áherslu að hugmyndin sem slík eigi að njóta verndar en ekki tæknileg útfærsla hennar enda er tæknileg útfærsla kerfana ólík að sögn aðila málsins. Verður að gera ríkar kröfur til þess að hægt sé að fallast á að tilteknar upplýsingar eða tiltekin þekking njóti verndar af þeirri ástæðu að það liggja hlutarins eðli. Í máli

¹ Ákvörðun Samkeppnisráðs í málinu nr. 36/1998 „Kvörtun Afurðarsölnunnar í Borgarnesi hf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum við paté-framleiðslu Kjötumboðsins hf.“, bls. 32.

² Ákvörðun Samkeppnisráðs í málinu nr. 36/1998 „Kvörtun Afurðarsölnunnar í Borgarnesi hf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum við paté-framleiðslu Kjötumboðsins hf.“, bls. 25-26



Þessu hvílir sönnunarbyrði á UÍ að leynd hafi legið í hlutarins eðli og að JJB hafi því mátt vera um hana kunnugt.

Að mati Neytendastofu hefur UÍ ekki sýnt fram að það liggi í hlutarins eðli að leynd hafi legið yfir umræddri viðskiptahugmynd. Þá telur Neytendastofa að hugmyndin að tengja saman einstaklinga og fyrirtæki á grundvelli opinberra gagna, í þeim tilgagni sýna fram á tengsl þeirra, sé svo almenn og þekkt að hún getur ekki talist til atvinnuleyndarmáls í skilningi laga nr. 57/2005. Verður einnig að hafa í huga, eins og áður hefur komið fram, að tenging einstaklinga og fyrirtækja á grundvelli opinberra gagna er þekkt erlendis, þ.m.t. hjá fyrirtækjaskráum í Noregi og Frakklandi.

Neytendastofa sér því ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvor aðilinn hafi átt hugmyndina fyrst.

Að öllu samanteknu er það mat Neytendastofu að JJB hafi ekki brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hafa í atvinnuskyni stofnað til rel8 vefþjónustunnar.

4.

Neytendastofa hefur ekki heimildir til að kveða á um málskostnað aðila og er því kröfu JJB um lögfræðikostnað vísað frá.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 23. ágúst 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir